



DAGSKRÁRLIÐUR UNDIR ÖNNUR MÁL Á AÐALFUNDI

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf., kt. 571212-0210 (hér eftir „félagið“) vísar til fundarboðs sem sent var hluthöfum félagsins þann 11. apríl 2014 þar sem boðað var til aðalfundar félagsins þann 30. apríl 2014, kl. 14:00.

Líkt og greinir í fundarboðinu verða á dagskrá fundarins eftirfarandi liðir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2013 lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins fyrir árið 2013.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnar félagsins.
5. Ákvörðun um tillögu stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins.
6. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
7. Kjör endurskoðanda.
8. Samantekt stjórnar um hlutafjäreign og samstæðutengsl.
9. Tillaga um starfskjarastefnu.
10. Önnur mál.

Með bréfi þessu vill stjórn félagsins koma á framfæra til hluthafa tillögu sinni um að eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins verði teknar til umræðu á aðalfundi félagsins undir dagskrárliðnum önnur mál. Þess er getið að fyrrgreindar breytingar verða aðeins teknar til umræðu og verða ekki leiddar til endanlegrar úrlausnar. Stjórn félagsins mun boða til framhaldsfundar í samræmi við ákvæði 12.5 í samþykktum félagsins þar sem ákvarðað verður um endanlegar tillögur að breytingum á samþykktum félagsins.

Nánar tiltekið eru tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins tvíþættar:

Breytingar á stjórnskipan félagsins

Markmið þeirra breytinga sem reifaðar eru hér að neðan er að einfalda stjórnskipulag félagsins og gera rekstur félagsins skilvirkari.

Í fyrsta lagi er lagt til að eftirfarandi breyting verði gerð á ákvæði 16 í samþykktum félagsins:

1. Ákvæði 16.1 í samþykktum félagsins mun efnislega kveða á um að stjórn félagsins skipuð þremur til fimm stjórnarmönnum og tveimur til vara. Ábyrgðaraðili félagsins skal tilnefna alla stjórnarmenn á aðalfundi félagsins en aðalfundur er óbundinn af tilnefningunni með þeirri undantekningu að ábyrgðaraðili skal ávallt vera heimilt að tilnefna a.m.k. einn stjórnarmann í stjórn félagsins.

Í öðru lagi verður stofnað sérstakt fjárfestingarráð og verður kveðið á um starfsemi þess í sérstökum kafla í samþykktum félagsins. Lagt er til að samþykktir félagsins innihaldi eftirfarandi grundvallarreglur um starfsemi fjárfestingarráðs:



1. Fjárfestingarráð skal skipað fimm mönnum og tveimur til vara. Þar af skal ábyrgðaraðila vera heimilt að tilnefna einn einstakling í fjárfestingarráð.
2. Meðlimir fjárfestingarráðs, að fulltrúa ábyrgðaraðila undanskildum, skulu kosnir á aðalfundi með hlutfallskosningu á milli einstaklinga.
3. Eftirfarandi ákvarðanir eru háðar samþykki fjárfestingarráðs:
 - a. Fjárfestingarráð skal fjalla um mögulegar fjárfestingar félagsins að undangenginni áreiðanleikakönnun áður en þær eru teknar til ákvörðunar í stjórn félagsins. Samþykki meirihluta fjárfestingarráðs þarf til þess að (i) samþykkja fyrirhugaða fjárfestingu og (ii) vísa henni til stjórnar félagsins.
 - b. Meiriháttar rekstrarútgjöld sem eiga að koma til greiðslu hjá félaginu eru háð samþykki meirihluta fjárfestingarráðs. Í tillögum stjórnar fyrir fyrrgreindan framhaldsfund verður búið að skilgreina hvað fellur undir meiriháttar rekstrarútgjöld.
 - c. Stjórn félagsins má ekki taka eftirtaldar ákvarðanir án þess að (i) fjárfestingarráð hafi fjallað um þær og (ii) þessar ákvarðanir hafi hlotið samþykki fjögurra af fimm meðlimum fjárfestingarráðs, þ.m.t. fulltrúa ábyrgðaraðila:
 - i. hækkun á hlutfé félagsins
 - ii. ákvarðanir um kaup eða sölu á hlutfé, hvort heldur sem er eigin hlutum eða hlutfé útgefnu af þriðja aðila.
 - iii. ákvarðanir um sölu fasteigna og lausafjár félagsins.
 - iv. tillaga um kosningu endurskoðenda félagsins.
 - v. tillaga um úthlutun arðs.
 - d. Stjórn félagsins má ekki taka eftirtaldar ákvarðanir án þess að (i) fjárfestingarráð hafi fjallað um þær og (ii) þessar ákvarðanir hafi hlotið samþykki allra meðlima fjárfestingarráðs:
 - i. tillaga um að stytta eða framlengja starfstíma félagsins einu sinni um tvö ár, sbr. 11. gr. skilmála félagsins, dags. 25. janúar 2013.
 - ii. ákvarðanir um viðskipti félagsins við hluthafa, ábyrgðaraðila eða tengda aðila. Með tengdum aðilum er átt við aðila sem eiga meira en 10% í hluthafa í félaginu eða ábyrgðaraðila, félög sem eru í meirihlutaeigu aðila sem eiga ofangreind félög sem og þeir einstaklingar sem eiga verulega eignarhagsmuni tengda ofangreindum félögum og aðila sem falla undir 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.



4. Ábyrgðaraðili skal annast utanumhald um fundi fjárfestingarráðs, svo sem boðun funda, ritun fundargerða, hýsingu funda, og vistun gagna. Þá skal ábyrgðaraðili kynna fyrirhugaðar fjárfestingar félagsins fyrir fjárfestingarráði og leggja fyrir ráðið nauðsynleg gögn og greiningar vegna slíkra fjárfestinga.
5. Fjárfestingarráð skal vera ákvörðunarþætt ef meirihluti þess situr löglega boðaðan fund.
6. Í samþykktum félagsins skal mæla fyrir um boðun funda fjárfestingarráðs og dagskrá slíkra funda.
7. Í samþykktum félagsins skal mæla fyrir um að fjárfestingarráð setji sér nánari reglur um starfsemi fjárfestingarráðs. Reglurnar skal kynna á aðalfundi félagsins og vera aðgengilegar á heimasíðu félagsins.


Ákvæði um framkvæmdastjórn félagsins

Vegna ábendingar frá skattayfirvöldum um að til þess að félagið geti dregið frá kostnað vegna úthýsingar á daglegum rekstri félagsins sé ráðlagt að samþykktir félagsins kveði á um að ábyrgðaraðili gegni hlutverki framkvæmdastjóra félagsins, sbr. 2. mgr. 161. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, leggur stjórn félagsins til að ákvæði 22 í samþykktum félagsins verði breytt þannig að þar verði kveðið á um að ábyrgðaraðili gegni hlutverki framkvæmdastjóra félagsins.

Stjórn ítrekar að fyrrgreindar breytingar á samþykktum félagsins verða aðeins teknar til umræðu á aðalfundi Nánari útfærslur og endanlegar tillögur verða svo sendar hluthöfum ásamt fundarboði um framhaldsfund á síðari stigum.

Reykjavík, 23. apríl 2014

F.h. stjórnar FÍ fasteignafélags slhf.


Brynjólfur J. Baldursson, formaður